

30. Bréf dómsmálastjórnarinnar til stiptamtmannsins og
amtmananna á Íslandi, er nemur af forboð gegn
því að selja kvikasilfursáburð án fyrirsagnar frá
lækni.

1869.

31. marz.

Eptir að dómsmálastjórninni hafði gefizt tilefni til að skrifast á við hið konunglega heilbrigðisráð útaf broti gegn forboði því, sem umburðarbréf kansellisins 11. marzmán. 1820 hefir inni að halda gegn því að selja kvikasilfursáburð (*ungventum neapolitanum*) án fyrirsagnar frá lækni, hefir dómsmálastjórnin samkvæmt tillögum heilbrigðisráðsins álitð hentast að nema þetta forboð af eptirleiðis, að því er Ísland snertir, þegar áburðurinn er hafður til dýralækninga.

Um leið og yður er tilkynnt þetta sjálfum yður til leiðbeiningar, og til þess að þér kunngjörð það, eruð þér þó beðnir að leggja ríkt á við hlutaðeigandi lyfsölumenn, að vara bændurna við, er þeir láta kvikasilfursáburðinn af hendi, að hafa hann ekki til annars en dýralækninga.

31. Bréf dómsmálastjórnarinnar til Deildar hins íslenzka bókmenntafélags í Kaupmannahöfn, um styrk til at gefa út Tíðindi um stjórnarmálefni Íslands.

10. apríl.

Samkvæmt bréfi dómsmálastjórnarinnar 23. aprílmán. 1864 skal það hér með kunngjört Deild hins íslenzka bókmenntafélags

svo fæðingarhreppur Ingibjargar er að lögum Svalbarðshreppur, úrskurðast, að Ingibjörg Bjarnadóttir, samkvæmt 7. grein í reglugjörð 8. jan. 1834 og kansellibréfi 19. ágúst 1820, frá því hún er 16 ára, skuli eiga sveit á Svalbarðshrepp, og bið eg yður, herra sýslumaður, að annast um, að Svalbarðshreppur skuli eptir réttum reikningi endurgjalda Presthólahrepp það, sem lagt hefir verið með Ingibjörgu, frá því hún var 16 ára að aldri.

Úrskurð þenna bið eg yður, herra sýslumaður, að birta hreppstjórunum í Presthóla og Svalbarðs hreppum.